

Ár 2014, mánudaginn 24. nóvember, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

## **Að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra Vigdísarholts ehf.**

### **I.**

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 87/2009, skal kjararáð ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutfélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Af þessu leiðir að ákvörðun um laun framkvæmdastjóra Vigdísarholts ehf. heyrir undir kjararáð.

### **II.**

Kjararáði barst bréf dagsett 25. mars 2014 frá formanni stjórnar Vigdísarholts ehf. Í bréfinu segir að um síðustu áramót hafi félagið, sem sé í eigu ríkisins, tekið við rekstri hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar. Hjúkrunarheimilið sé með 70 hjúkrunarrými ásamt 18 manna dagvist. Starfsmannafjöldi sé um 130 í um 75 stöðugildum og ársveltan rúmar 600 milljónir króna. Óskað er eftir að kjararáð ákveði framkvæmdastjóra félagsins laun.

Með bréfi dagsettu 15. apríl 2014 var fjármála- og efnahagsráðuneytinu gefinn kostur á að leggja fram greinargerð vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð. Með bréfi dagsettu sama dag var framkvæmdastjóra Vigdísarholts ehf. gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum, sbr. 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Í svari fjármála- og efnahagsráðuneytisins dagsettu 12. maí 2014 segir að ráðuneytið telji eðlilegt að kjararáð horfi til sambærilegra ákvarðana við athugun á því hvernig ákveða skuli launakjör hins nýja forstjóra.

Með bréfi dagsettu 15. maí 2014 fékk framkvæmdastjóri Vigdísarholts ehf. sent bréf fjármála- og efnahagsráðuneytisins til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þess. Engar athugasemdir bárust.

Með bréfi dagsettu 12. júní 2014 var velferðarráðuneytinu gefinn kostur á að leggja fram greinargerð vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð. Í svari ráðuneytisins dagsettu 15. júlí 2014 kemur fram að Vigdísarholt ehf. hafi verið stofnað af fjármála- og efnahagsráðuneytinu fyrir hönd íslenska ríkisins. Tilgangur félagsins sé að eiga og reka hjúkrunarheimili og tengda starfsemi. Fram kemur að tilefni félagsstofnunarinnar hafi verið samningur sem velferðarráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið gerðu 30. desember 2013 við Sunnuhlíðarsamtökin um yfirtöku á rekstri hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar í Kópavogi. Tilgangurinn hafi verið að tryggja að í engu yrði raskað starfsemi hjúkrunarheimilisins og þjónustu og öryggi þeirra íbúa sem þar búa. Í bréfinu segir að framkvæmdastjóri Vigdísarholts hafi með höndum yfirstjórn á öllum rekstri heimilisins svo sem fjármálastjórn, starfsmannastjórn og yfirstjórn á öllum þáttum er snúi að þjónustu við íbúa heimilisins. Framkvæmdastjóra sé einnig ætlað að koma rekstri hjúkrunarheimilisins á réttan kjöl en allmikill hallarekstur hafi verið á undanförunum árum og illviðráðanlegar lausaskuldir safnast upp en það hafi verið ástæða þess að ríkið ákvað að skerast í leikinn. Rekstarvelta heimilisins samkvæmt fjárlögum ársins 2014 sé um 670 milljónir króna. Á hjúkrunarheimilinu séu 70 hjúkrunarrými sem öll séu fullnýtt, auk 18 dagvistarrýma. Stöðugildi starfsmanna séu 85, en starfsmenn séu nokkru fleiri vegna þess hve margir vinni hlutastörf. Einnig sé nokkur hluti starfsmanna sem vinni afleysingastörf í tímavinnu.

Með bréfi dagsettu 23. júlí 2014 fékk framkvæmdastjóri Vigdísarholts ehf. sent bréf velferðarráðuneytis til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þess. Engar athugasemdir bárust.

### III.

Samkvæmt stofnskrá og samþykktum fyrir Vigdísarholt ehf. er tilgangur félagsins að eiga og reka hjúkrunarheimili og tengda starfsemi. Félagið er að fullu í eigu íslenska ríkisins. Frá 1. janúar 2014 er Sunnuhlíð, hjúkrunarheimili og dagdvöl, rekin af félaginu. Miðað er við að rekstur Sunnuhlíðar verði tímabundið á hendi ríkisins.

Framkvæmdastjóri félagsins hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfslíðs. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum eða skoðunarmönnum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærrí en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar.

Kjararáð hefur ekki áður tekið ákvörðun um laun framkvæmdastjóra Vigdísarholts ehf. Við ákvörðun launakjara framkvæmdastjórans var að svo miklu leyti sem við á höfð hliðsjón af launakjörum forstjóra heilbrigðisstofnana. Einnig var litið til þess að starfsemi Vigdísarholts ehf. er afmarkaðri en þeirra.

Laun og starfskjör framkvæmdastjóra Vigdísarholts ehf. skulu því vera sem segir í ákvörðunarorði.

### V.

#### Ákvörðunarorð

Frá og með 31. janúar 2014 skulu mánaðarlaun framkvæmdastjóra Vigdísarholts ehf. vera samkvæmt launaflokki 502-131, nú 691.946 krónur. Að auki skal greiða honum 17 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-132, nú 7.153 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör framkvæmdastjórans gilda reglur kjararáðs frá 9. júní 2010.

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Hulda Árnadóttir

---

Svanhildur Kaaber